

unarefnið sé að vera eða vera ekki. Trúin, sem getur ekki verið til neins annars en að lyfta mönnum á æðra hugsana stig,—hún er von um tímanlega og eilífa framför, og hún er hugarhelgun þeirra, sem þrá að virða fyrir sér hið háleita í tilverunni —leita þaðan styrks, áræðis og hjálpar og skilnings í baráttunni hér,—hún ætti sannarlega aldrei að verða vesalt atvinnumál, heldur svölun, þegar menn eru orðnir of þreyttir og vilja snúa huganum til einhvers annars en þess daglega, og leita hvíldar.

Og kærur vinur, sá maður, er vill vera, verður að vera sannur maður, með engu oflofi á sjálfum sér, aldrei þykjast af sínum hégómlega heilagleik, heldur af því að hann hafi orðið réttu máli að liði. Það er hrós og hverjum manni sæmd. Og trúna ætti hann aldrei að nota sem bragð til að safna fé eða flærðarmáli símalandi vina. Það er aldrei nokkrum manni óholt, að líkjast að einhverju meistaranum frá Galílea. Hvergi er þess getið, að hann hrósaði sér af heilagleika sínum né spyrti við öðrum mönnum vegna synda þeirra. Og aldrei fyrirvarð hann sig, að verá með, vera góður samferðamaður og bróðir öllum, er hann mætti. En þó heyrir hér hjá piltum og stúlkum önnur eins hégómaorð í garð frjálstrúaðra manna, er sýnt geta þó eins þjóðernislega og þjóðfélagslega göfugt framferði og nokkrir: „Eg skammaðist mín, að láta sjá mig með þeim.“ Og þó stendur þetta fólk ekki hærra en svo, að það er í einhverri orþódoxri kyrkju að nafninu, játar kenningar hennar með vörunum, en neitar þeim með hjartanu. Er þetta að láta það sama lunderni búa í sér og Jesú Kristi? Skilja menn orðið svona kenningar meistarans? Eg kvarta ekki yfir þeim skilningi, en mér finnst hann aumlegur og rangur.

Sá, sem vill vera maður, hefir um annað meira að hugsa en flokkanöfn. Heimurinn er stærri en nafn hans, mannfélagið meira en öll þess óteljandi flokka og þjóða nöfn, en þó er guð alheimsins ennþá mestur. Trúðu frjáls á guð hins góða. Trúðu mannlegum veikleika til þess að hann vilji og sé að keppa að guðdómlegum fullkomleika og réttlæti, og vertu með í þeirri ferð. Það er að vera maður og barn föðursins á himnum.